

Starfsmenntunarsjóður Starfsmannafélags Mosfellbæjar

Úthlutunarreglur:

Ef sækja á um styrk samkvæmt 1.gr. skal koma fram lýsing á því námi, námskeiði eða verkefni sem styrkurinn skal notast í.

Frumrit að reikningi og staðfesting á námi skal fylgja umsókninni.

Ef sækja á um styrk samkvæmt 2. gr. vegna námsferða innan- eða utanlands þarf að koma bréf frá viðkomandi stofnun um tilgang og markmið ferðar auk nafnalista árituðum af yfirmanni. Auk þess þarf að koma staðfesting frá þeirri stofnun sem heimsótt er, afrit af farseðli eða hliðstæðar kvittanir vegna útlagðs kostnaðar. Á þessum grundvelli tekur stjórnin ákvörðun um hvort og hve háan styrk viðkomandi fær.

1.gr.

Þegar vinnuveitandi hefur greitt iðgjöld í sjóðinn í 6. mánuði af síðustu 12, fær félagsmaður aðild að sjóðnum. Félagsmaður sem hefur greitt minn en 18.000,- kr yfir árið eða 9000 kr. á 6 mánuðum á rétt á hálfum styrk.

Hámarksupphæð úr starfsmenntunarsjóð á hverju tveggja ára tímabili er kr. 110.000,-

2.gr.

Einstakir starfshópar, vegna fræðslu og menningaferða, geta fengið úthlutun þriðja hvert ár að hámarki kr. 70.000,- Styrkurinn er eingöngu ætlaður þeim sem fá ekki styrk úr Mannauðssjóði eða sambærilegum sjóðum.

3.gr.

Umsækjendur eru hvattir til að vanda frágang umsókna og tilgreina m.a. nákvæmlega til hvers þeir ætla að verja styrkfénu.

4.gr.

Falli greiðslur í sjóðinn niður vegna feikinda, fæðingarorlofs, foreldraorlofs eða vegna launalaus leyfirs skal meðhöndla þann tíma eins og um greiðslur hafi verið að ræða. Félagsmaður í atvinnuleit getur nýtt sér áunnin rétt í sjóðnum eins og aðrir félagsmenn ef hann velur að greiða stéttarfélagssjöld, á meðan atvinnuleit stendur.

5.gr.

Félagsmenn sem láta af störfum halda aðild að sjóðnum í 3 mánuði eftir greiðslu iðgjalda.

6.gr.

Greiðslur úr sjóðnum vegna 2. og 3. gr. fara fram eftir að umsækjandi hefur skilað inn gögnum í samræmi við 1.gr. grein fyrir mánaðarlegan stjórnarfund.

Tók í gildi 31. október 2019